

2 - 22/23 Fundur Kjaranefndar LEB 26.9. 2022. Fjarfundur á Zoom

Mætt voru: Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Sigurbjörg Gísladóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, Drífa Sigfúsdóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Ásgerður Pálsdóttir, Jónas Sigurðsson og Jón Ragnar Björnsson, sem ritaði fundargerð. Stefán Ólafsson var gestur fundarins og Viðar Eggertsson var á hliðarlínunni.

Þorbjörn bauð fundarmenn velkomna. Meginefni fundarins var nýútkomið fréttabréf Stefáns Ólafssonar hjá Eflingu „Lágur lífeyrir eftirlaunafólks í „besta lífeyriskerfi heims“!“ sem má nálgast [hér](#) og umræður um næstu skref í baráttunni fyrir bættum kjörum.

Stefán Ólafsson vitnaði til ýmissa aðila sem halda því fram með útreikningum, sem ekki standast, að við búum við besta lífeyriskerfi í heimi. Honum tókst auðveldlega að aflífa þá mytu.

Ýmsir punktar sem komu fram í máli Stefáns:

- Útreikningar Stefáns byggja á Tekjusögunni sem er að finna á vef forsætisráðuneytisins. Þeir miðast við fólk í sambúð.
- *Best í heimi*: Ýtir undir að fólk trúir því að það sé satt.
- Grunnur TR er 5% undir lágmarkslaunum.
- Viðmið TR þurfa að fylgja launaþróun, svo skerðingar af þeim völdum aukist ekki.
- Frítekjumark (25.000 kr.) ætti að vera um 70.000 til að fylgja launaþróun.
- Alltaf verið að breyta skerðingum, þær hafa stóraukist. Því þarf að linna.
- Hækkun á frítekjumarki úr 25 þús. í 100 þús kostar 15 milljarða. 5 milljarðar skila sér aftur í kassa Bjarna.
- Hækkun bóta TR = lágmarkslaun kostar 7 milljarða. 2 skila sér aftur í ríkissjóð.

Punktar úr umræðum:

- Rosalegt tekjufall þegar fólk fer á ellilaun.
- Nota allar leiðir til að vekja athygli á kjörum eldra fólks:
 - Fara á Austurvöll og mótmæla.
 - Krefja þingflokka svara.
 - Pína fram afstöðu hjá þingmönnum
 - Nota landsfundi flokkanna.
 - Skrifu greinar.
 - Kynna kjör okkar fyrir félögum um allt land. Streyma fundi til félaganna.
 - Fá pressu, halda stóra fundi. Blása upp, auglýsa okkur.
 - Félög eldri borgara geta tekið fjárlagafrumvarpið til umræðu og kallað stjórnámálamenn á fundi.
 - Verkalýðshreyfing okkar helsti bandamaður.

Fjárlagafrumvarp 2023 og uppgjör fyrir 2022: Hækkunarir fylgja ekki verðbólgu LEB mun taka saman megin áherslur í baráttunni reikna með að hafa þær klárar eigi síðar en 20.10.

Fleira ekki gert og fundi slitið
Jón Ragnar Björnsson
fundarritari